

2015-2016

Ársskýrsla Sunnuhvals



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Bæjarsjóður Garðabæjar
Skýrsla leikskólastjóra
2015-2016

GÆÐASTEFNA SUNNUHVOLS

Hlutverk:

Að annast uppeldi og menntun leikskólabarna, fræða þau í gegnum leik og veita þeim hlýju, umhyggju og öryggi.

Gæðastefna:

Leikskólinn Sunnuhvoll leggur megin áherslu á:

- Að búa barni lærdómsríkt og örvandi uppeldisumhverfi, sem eflir alhliða þroska þess.
- Að efla sjálfstæði og lífsgleði einstaklingsins og stuðla að því að hver og einn njóti sín sem best í hópnum.
- Að efla þekkingu barns á umhverfinu og kenna því að umgangast það.
- Að efla hreyfiþroska og hreyfigleði barns og stuðla að vellíðan.
- Að stuðla að góðri samvinnu foreldra og starfsfólks um uppeldi og menntun barna þeirra.
- Að skapa hlýju og festu í samskiptum barna.

Stefnumið:

Leikskólinn Sunnuhvoll vinnur samkvæmt skólanámskrá Sunnuhvols, þar sem helstu stefnumið eru:

- Að leggja áherslu á hollt og gott matarræði fyrir börnin.
- Að ástunda reglulega hreyfingu.
- Að barn fái tækifæri til að komast í snertingu við náttúruna, læri að virða hana, njóta hennar og fái tækifæri til sjálfsprotinna leikja í margbrotnu umhverfi.
- Að stuðla að því að barn læri að una og starfa í hóp, að leysa deilur á farsælan hátt og koma fram við aðra sem jafningja.
- Að auka málskilning og orðaforða barns. Hvetja það til þess að tjá sig og stuðla að vönduðu málfari.
- Að barn læri að tjá hugsanir og langanir sínar, bera virðingu fyrir öðrum, hlusti á aðra og aðrir hlusti á það.

Skýrsla um starfið á liðnu skólaári 2015-2016

Efnisyfirlit

1. Mat á leikskólastarfi 2015-2016	4
Matsaðferðir	4
Niðurstöður ytri úttekta	4
Niðurstöður innri úttekta	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Viðhorfskönnun foreldra	4
Viðhorfskönnun starfsmanna	4
Samantekt um slys á börnum	4
Samantekt um slys á starfsmönnum	4
3. Bangsadeild og Fiðrildadeild 12-24 mánaða börn	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Stærðfræði	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Málrækt	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Myndsköpun	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Tónlist	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Hreyfing	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Sjálfbærni	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Heilbrigði og velferð	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Lokaorð	
4. Sérkennsla barna	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
5. Mat kennara á hefðum og hátíðum	11
Foreldrasamtöl/Foreldrakynning	11
Ömmu- og afa kaffi	11
Starfið í desember	11
Jólaballið	11
Þorablót	11
Dagur leikskólans	11
Konudagskaffi	11
Bolludagur	11
Sprengidagur	11
Öskudagur	11
Opið hús í Garðabæ	12
Sumarhátíð foreldrafélags Sunnuhvols	13
6 Mat leikskólastjóra fyrir árið 2015-2016	14
Barnahópurinn	15
7. Foreldrasamstarf	15
Skýrsla frá foreldrafélagi Sunnuhvols	15
Fréttabréf í tölvupósti	15
Heimasíða	15
9. Starfsmannahald	17
Lokaorð	19

1. Mat á leikskólastarfi 2015-2016

Matsaðferðir

Sjálfsmat leikskólans Sunnuhvols er m.a. byggt á Gæðastefnu og markmiðum leikskólans, niðurstöðum innri úttektar, ábendingum og athugasemdum foreldra og starfsmanna, viðhorfskönnun meðal foreldra, barna og starfsmanna. Samantekt á slysum á börnum og mati kennara á námssviðum á hefðum og hátíðum leikskólans.

Niðurstöður ytri úttekta

Tvær kannanir voru framkvæmdar í ár þ.e. foreldrakönnun og starfsmannakönnun.

Viðhorfskönnun foreldra

Mikil ánægja var meðal foreldra með starfið og alla umgjörð skólans. Könnunin er á heimasíðu skólans.

Viðhorfskönnun starfsmanna

Viðhorfskönnun hefur verið framkvæmd meðal starfsmanna í ár og almennt voru starfsmenn ánægðir í starfi og vel kom fram mikil ánægja með lýðheilsuverkefnið okkar. Einnig eru árleg starfsmannasamtöl (einstaklingsviðtöl) sem fóru fram í mars-apríl.

Deildastjórar og sérkennslustjóri leggja mat á alla þætti eins og sjá má í ársskýrslunni.

Samantekt um slys á börnu

Tvö slys urðu á Fiðrildadeild í ár og eru þau bæði skráð í Gæðahandbók.

Samantekt um slys á starfsmönnum.

Engin slys voru skráð á starfsmönnum.

2. Bangsa- og Fiðrildadeild 12-24 mánaða.

Umhyggja –Fagmennska –Gleði

Veturinn 2015-2016 voru 27 börn á Sunnuhvoli öll fædd árið 2014. Börnin skiptust á tvær deildar 12 börn voru á Bangsadeild og 15 börn voru á Fiðrildadeild. Haustið 2013 var ákveðið að breyta Sunnuhvoli í ungarnaleikskóla en þau börn sem fyrir voru í leikskólanum fengu að eldast út og var þetta fyrsti veturinn með öll börn jafngömul. Var því mikil samvinna á milli deilda.

Börnunum var skipt upp í þrjá hópa á hvorri deild og átti hver hópur sinn kennara sem sá um yfirumsjón hópsins, aðlögun, matartíma, hópastarf og foreldrasamtöl.

Starfsmenn Bangsadeildar voru: Deildastjóri í 80% starfi, leikskólakennari í 65% starfi, uppeldis og kennslufræðingur í 100% starfi og tveir leiðbeinendur í 50% starfi.

Starfsmenn Fiðrildadeildar voru: Deildarstjóri í 90% starfi, Leikskólakennari í 65% starfi, íþróttakennari í 85% starfi og tveir leiðbeinendur í 100% starfi.

Aðlögun:

Á Sunnuhvoli byrja 27 ný börn 12-18 mánaða á hverju hausti. Aðlögun er því stór þáttur í okkar starfi. Við notumst við Þátttöku aðlögun sem byggist á því að foreldrar og barn dvelja saman fyrstu þrjá dagana sem barnið er í leikskólanum. Foreldrar fylgja barninu í gengum daginn og kennarar fara á milli barna og byrja að mynda tengsl. Þessi aðferð að aðlögun hefur reynst vel hjá okkur. Þó aðlögunar tíminn sé alltaf þyngsti parturinn af starfinu, er hann jafnframt sá mikilvægasti. Þessi tími reyndist starfsfólki mjög erfiður sérstaklega á Fiðrildadeild þar sem þar var verið að gera þetta í fyrsta skipti. En aðlögunin tók enda og börn og starfsfólk átti yndislegan vetur saman.



Helstu áherslur í starfinu á Sunnuhvoli eru hreyfing og næring. Ber þá helst að nefna þróunarverkefnið. Við fengum styrk til að þróa námsefni í leikfimi fyrir ungbörn á leikskóla. Styrkurinn nýttist til tækja kaupa til að hægt væri að vinna eftir tímaseðlum sem íþróttakennarinn útbjó.

Hreyfing:

Börnin fóru í skipulagða leikfímistíma tvisvar í viku. Fyrri tímann var þrautabraut, þar sem börnin klifruðu, hoppuðu og reyndu á sig sjálf, ásamt því að kennarar tóku börnin í flugvél, létu þau hanga á rá eða jafnvel á hvolfi. Börnin lærðu að fara í kollhnís, hoppa og “standa” á höndum, allt til að styrkja líkamann og auka hreyfifærni þeirra. Seinni tímann lékum við að baunapokum, boltum, fallhlíf og blöðrum. Þessir tímar voru allt öðruvísi, en ekki síður skemmtilegir.



Eftir áramót bættum við svo við jóga og keypti foreldrafélagið jógakennara sem kom til okkar einu sinni í viku í átta vikur. Þar lærðu börnin möntru, þau blása og halda niðri í sér andanum og leika dýr. Í lokin er svo slökun. Þetta eru notalegir og góðir tímar og yndislegt að sjá hvað börnin eru fljót að tileinka sér æfingarnar.



Matur og Svefn:

Matur og svefn eru stórir þættir í heilbrigði og leggjum við uppúr því að hafa gott og hollt fæði. Matráðurinn býr til allan mat frá grunni og er matseðilinn mjög fjölbreyttur og mikið er af ávöxtum og grænmeti yfir daginn. Við gefur börnunum góðan tíma til að borða og reynum að fá alla til að smakka allan mat. Öll börn sofa inni á Sunnuhvoli og leggjum mikið uppúr því að hafa svefn umhverfið eins notalegt og hægt er. Hvert barn fær gott rými, á sinn stað, sitt teppi og sinn kodd.

Málrækt:

Á hverjum degi fyrir hádegismat er samverustund þar sem við lesum og syngjum, og fundum við það að orðaforði barnanna jókst mjög hratt. Í þessum stundum vorum við með framsögn þar var valinn umsjónarmaður sem stóð frammi fyrir hinum börnunum og sagði frá t.d. hver keyrði hann/henni í skólann eða einhverju öðru. Oftast var fátt um svör en börnin æfðust í því að standa frammi fyrir hópnum.

Við notuðum spil og bækur til að æfa börnin í að segja frá og lýsa t.d. hvað það sér á myndinni og þannig þjálfa bæði málskilning og máltjáningu. Þannig er tungumálið tengt inn í allt daglegt starf og ótrúlega gaman að heyra framfarirnar hjá börnunum á þessu ári sem þau dvelja hjá okkur.

Við merktum stóla barnanna með mynd og nafni þannig að barnið næði að tengja saman mynd og nafn og læra þá að þekkja nafnið sitt skrifað.

Myndsköpun:

Við unnum verk úr fjölbreyttum efnivið með mismunandi aðferðum s.s. mála, líma, leira. Einnig notuðum við náttúrulegan efnivið s.s. steina, sand og lauf. Fengu börnin þar með margskonar upplifun af snertingu og meðhöndlun mismunandi efnisviðs. Mikil áhersla var lögð á að ekki væri keypt efni til myndlistar, heldur nýttur sá efniviður sem til féll í leikskólanum og frá heimilum barnanna. Við lögðum áherslu á í allri myndsköpun að ferlið og vinnan væri mikilvægari en afurðin, og sjálfstæði barnanna væri virt. Það er vissulega gaman að hengja upp fallegar myndir en lagt var upp með að það væri verk barnanna en ekki starfsfólksins.



Tónlist:

Sungið var með börnunum á hverjum degi og einnig spiluðum við tónlist yfir daginn fyrir börnin þar sem þau gátu dansað og sungið að vild. Leikskólinn á mikið að hljóðfærum sem þau fengu að handfjatla og kanna að vild undir eftirliti kennara. Tónlist hefur róandi áhrif á flest börn svo hún er nauðsynleg í okkar starfi.

Útivera:

Í leikskóla er alltaf gaman að fara út að leika í fallega garðinum okkar, hins vegar var hún ekki eins mikil og við hefðum viljað hafa hana sökum ungra barna í leikskólanum. Þ þau gátu ekki farið út í hvaða veður sem er og þau eru meira veik á þessum aldri eða oft með kvef og hor. En haustið og vorið var hinsvegar nýtt mjög vel til útiveru.

**Sjálfbærni:**

Sunnuhvoll er grænfánaskóli og endurspeglar það starf skólans. Allt sorp er flokkað en þessi ungu börn taka ekki þátt í því. Við tókum þátt í árlegu hreinsunarátaki Garðabæjar og fórum með nokkur börn í einu út fyrir girðinguna að tína rusl. Einnig notaði starfsfólkið kaffitímana sína til að tína rusl og var það okkar framlag. Við æfðum okkur í því að taka náttúruna inn í reynsluheim barnanna. Snjór, sandur, mold og vatn var partur af því. Litlum börnum finnst gaman af því að sula fengu þau að sula í vatni og grjónum.



Hefðir og hátíðir:

Nokkrar hefðir eru fastir liðir í starfinu á Sunnuhvoli ár hvert:

- Börnin bjóða foreldrum sínum í kaffi og piparkökur fyrir jólin.
- Við höldum litlu jól, með hátíðarmat og jólaballi. Rólegur jólasveinn án skeggs kom í heimsókn og gekk það mjög vel.
- Á bóndadaginn bjóða börnin feðrum sínum og öfum að koma í kaffi.
- Á konudaginn bjóða börnin mæðrum sínum og ömmum að koma í kaffi.
- Einu sinni á ári bjóða börnin í ömmu og afakaffi.
- Í lok vetrars er haldin Sumarhátíð sem má flokkast undir uppskeruhátíð. Foreldrafélagið sér um skipulagningu og býður upp á veitingar og var Ragnheiður íþróttakennari með skemmtilega leiki fallhlíf og fl. Einnig voru sápukúlur, krítar, andlitsmálning og blöðrur. Kennarar afhentu svo börnunum útskriftarmöppur. Í möppunni er ferill barnsins í mynd og máli.



Þessi vetur gekk mjög vel og var starfsfólkið ánægt með breytingarnar í leikskólanum. Það eru forréttindin að fá að njóta þess að vinna með þessum litlu börnum.

Bestu kveðjur,
Guðrún Brynjólfsdóttir deildarstjóri á Bangsadeild.
Jóna Rósa Stefánsdóttir deildarstjóri á Fiðrildadeild.

4. Sérkennsla barna

Í vetur var eitt barn með beiðni sem naut aðstoðar sérkennslustjóra á Sunnuhvoli. Var það gert í samráði við Margréti H. Þórarinsdóttur sérkennslufulltrúa Garðabæjar og Stellu Hermannsdóttur talmeinafræðing. Barn á Sunnuhvoli fékk afhenta orðabók frá Stellu Hermannsdóttur sem sérkennslustjóri hafði umsjón með.

Barnið sem naut aðstoðar sérkennslustjóra, byrjaði á Sunnuhvoli síðastliðið haust og vissum við fyrir fram að það þyrfti á aðstoð sérkennslustjóra að halda. Ekki lá fyrir greining á barninu en ákveðnar vísbendingar gáfu til kynna hvað amaði að. Barnið gekk ekki né stóð óstutt í fæturna. Einnig vantaði upp á málproskann.

Við fengum heimsókn frá Björgu Guðjónsdóttir sjúkraþjálfara barnsins í byrjun september 15, þar sem hún ræddi við okkur um helstu áherslur barnsins sem og æfingar sem nauðsynlegt væri að gera yfir daginn.

Barnið fékk viðeigandi aðstoð frá kennurum deildinni sinni sem og sérkennslustjóra í daglegu starfi.

Tveir fundir voru haldnir með foreldrum barnsins, Margréti sérkennslufulltrúa, Stellu talmeinafræðing, deildarstjóra og sérkennslustjóra fyrir áramót.

Eftir áramót fékk barnið 50% stuðning inni á deild sem Hafrún Lilja Elíasdóttir grunnskólakennari tók að sér. Hún sá um skipulagðar stundir 2 sinnum á dag, til að gera ofangreindar æfingar sem hann þurfti að fá, teygjur og orðabókina.

Tveir fundir voru haldnir með foreldrum barnsins, Margréti sérkennslufulltrúa, Stellu talmeinafræðing, deildarstjóra og sérkennslustjóra eftir áramót.

Eftir áramót hafa fallið niður eða færst til þónokkrir tímar hjá Stellu Hermannsdóttir talmeinafræðings.

Gerð var einstaklingsnámsskrá fyrir barnið og einnig var AEPS listinn fylltur út í þrjú skipti. Barnið hefur tekið miklum framförum á Sunnuhvoli þennan veturinn, t.a.m. gengur það óstutt og hleypur út um allt og er byrjaður að tala 2-3 orða setningar.

Með góðri samvinnu heimilis, sérkennsluteymis og leikskóla fer barnið á vit nýrra ævintýra á nýjan leikskóla með gott veganesti frá Sunnuhvoli.

Sigrún Inga Reynisdóttir
Sérkennslustjóri Sunnuhvals.

5. Mat kennara á hefðum, hátíðum og öðrum atburðum.

Foreldrasamtöl/Foreldrakynning

Kynningin var haldin í byrjun október og samtöl í febrúar. Foreldrar nemenda eru boðaðir í samtöl við leikskólakennara og farið er yfir færni og líðan barnsins í leikskólanum. Þessi samtöl eru alveg ómissandi þáttur í samstarfi foreldra og kennara.

Ömmu og afa kaffi

Einu sinni buðum við í eftirmiðdegiskaffi. Í ljósi þess að afar og ömmur hafa æ mikilvægara hlutverki að gegna í lífi barnabarna sinna ákváðum við að halda áfram að gera vel við þennan hóp og leyfa börnunum að njóta nærveru þeirra í leikskólanum sínum. Þetta hefur mælst vel fyrir og þekkt fólk orðið ágætlega

Starfið í desember

Við lögðum áherslu á að vera með eins lítið áreiti og við gátum í þessum anna mánuði heimilanna.

Jólaballið

Í ár var valin sú leið að hafa jólaballið okkar mjög hátíðlegt en lágstemmt, engin gassagangur í jólasveininum. Starfsmaður sá um að klæðast gerfi jólasveins án skeggs og alls sem því fylgir. Okkur þótti þetta vel heppnað engin grátur eða hræðsla sem oft vildi fylgja. Við héldum í fastar hefðir án þess að missa neitt út.

Þorrablót

Var haldið Bóndadaginn 24 janúar. Öllum feðrum var boðið í morgunkaffi í hafragraut og kaffi. Börnin fengu sögustund um hvernig hlutir gengu fyrir sig í gamla daga. Í hádeginu var slegið upp hringborði á báðum deildum og borðaður þorramatur af bestu lyst.

Dagur leikskólans

Var haldinn 6. febrúar. Við buðum foreldrum að koma í heimsókn þar sem við sýndum nýtt myndband. Góður rómur var gerður af því.

Konudagskaffi

Morgunkaffi var fyrir mömmur, við höfðum aðeins meira við og bökuðum fínt brauð. Þetta mæltist jafnvel fyrir og feðrakaffið á bóndadeginum.

Bolludagur

Í hádeginu borðuðu börn og starfsfólk steiktar fiskibollur og fengu rjórabollur í síðdegishressingu.

Sprengidagur

Boðið var uppá saltkjöt og baunir í hádegismat og borðaði hver eins og hann best gat.

Öskudagur

Börn og starfsfólk klæddust bæði hefðbundnum grímubúningum og furðufötum við dönsuðum saman og áttum skemmtilegan dag.

Stóri leikskólasdagurinn 27. maí í Ráðhúsi Reykjavíkur

Leikskólum í Garðabæ var boðið að vera gestir þar sem leikskólar í Reykjavík voru að kynna ný og spennandi verkefni sem sem þeir voru að vinna að. Langur aðdragandi var að verkefninu og töluverður undirbúningur við að undirbúa og hanna og setja upp verkefnið. Kennarar og leikskólastjóri settu upp efni í úthlutaðan bás um hreyfiverkefnið okkar. Við fengum mjög jákvæð viðbrögð við verkefninu. Leikskólastjóri var einnig með fyrilestur um verkefnið sem var mjög fjölmennur og fékk einnig góð viðbrögð frá þeim sem á hana hlustuðu.



Opið hús í Garðabæ

Opið hús var haldið maí í öllum leikskólum Garðabæjar. Leikskólarnir skiptu með sér heimsóknartímanum.

Börn og starfsfólk lögðu mikið á sig að vinna alls kyns föndur sem var hengt upp hér á Sunnuhvoli í tilefni dagsins.



Sumarhátíð foreldrafélags Sunnuhvals

Sumarhátíð foreldrafélagsins var haldin í júní. Sumarhátíðin er skipulögð og framkvæmd af foreldrafélaginu og haldin á virkum degi. Þetta árið var ákveðið að fylgja innsæinu og hafa hlutina einfalda en skemmtilega. Foreldrafélagið bauð uppá heimabökuð horn, ávexti og grænmeti. Enginn hoppukastali eða skemmtiatrið sem enginn saknaði og allra síst litlu börnin okkar sem nutu þess bara að fá mömmu og pabba í heimsókn. Deildastjórar afhentu Námsmöppurnar og fengu mikið hrós fyrir flott vinnu.



6 Mat leikskólastjóra fyrir árið 2015-2016

Á sl. hausti voru 27 lítil börn mætt í aðlögun. Það var ánægjulegt að kynnast nýjum foreldrahópi sem var áhugasamur um hvernig dagsskipulagið gengur fyrir sig í leikskólaumhverfinu. Aðlögun gekk misvel hjá börnunum þar sem sum þurfa mun lengri tíma til að aðlagast en önnur. Þetta er mikill álagstími hjá starfsfólki og má segja að vel þurfi að styrkja og styðja bæði börn og starfsfólk á þessu tímabili. Við erum að vinna í því hvaða form henti best og vorum á þessu hausti með þátttökuaðlögun sem fellst í að foreldrar koma með barninu fyrstu þrjá dagana og eru þátttakendur í daglegu starfi. Öllu jöfnu gengur það vel.

Við höfum verið að þróa námsmöppurnar sem fylgja hverju barni og hefur vel tekist til. Mikil ánægja hjá foreldrum sem tóku við möppu barnsins síns á sumarhátíðinni og var mun meira lagt í vinnu við þær en árið þar áður.

Myndband um starfið okkar á heimsíðu skólans. Tvö myndbönd voru gerð í vetur sem gefa nokkuð glögga mynd af starfinu og fengum við mikið hól fyrir. Tveir starfsmenn skólans áttu veg og vanda af þessari vinnu sem töluverður metnaður var lagður í.

Jógakennslan hjá Guðbjörgu gekk vel og gaman að fylgjast með litlu börnunum okkar fara í ýmsar stöður þegar á leið. Guðbjörg jógakennari er búin að vera hjá okkur í þrjú ár og mun fylgja okkur áfram næsta ár.

Opið hús var svo í byrjun maí. Þar var afrakstur vetrarstarfsins kynntur í nýju myndbandi og myndverkum og aðstandendum boðið að koma. Opið var hjá okkur á milli kl. 10.00 og 12.00. Nýjum foreldrum og börnum var einnig boðið að koma og skoða skólann og voru margir sem nýttu sér það.

Starfsmannasamtöl fóru fram í apríl og notuðum við Smiðjuna okkar til samtala. Við vorum sammála að notarlegt var að vera á heimasvæði og gott þar sem Smiðjan er aðeins skilin frá sjálfum skólanum.

Almennt var fólk duglegt að sækja hin ýmsu námskeið. Við notuðum yfirleitt námsjóð okkar hjá KÍ eða STAG til að greiða námskeiðin.

Það sem stóð uppúr hvað varðar mannauðinn okkar var námsferð Til New York. Svona ferð krefst mikils undirbúnings og þær sem sáu um utanumhald á ferðinni og heimsóknum í skóla stóðu sig með mikilli þryði og fengu miklar og góðar þakkir fyrir.

Að venju fengum við gott fólk úr sumarátakinu til starfa. Það voru ýmis önnur verk unnin af þeim en að gæta barnanna svo sem þrif, tiltekt sem gott er að nota sumarið í.

Töluverðar framkvædir áttu sér stað á baði á Fiðrildardeild og því verki var lokið áður en aðlögun hófst. Einnig var bætt við skápum í miðrymi til að bæta og fullnægja kröfum Heilbrygðiseftirlits um lokaða skápa fyrir leirtau. Þvottaaðstaða var færð til og sett niður í miðrymi og ný aðstaða fyrir ræstingu útbúin fyrir ræstingu.

Í heildina gekk veturinn vel og kvöddum við ánægð og vel nærð börn og foreldra í lok sumars, sem fara með mikilli eftirsjá og hefðu gjarnan viljað vera annan vetur með börnin sín. Og hvað það varðar tel ég æskilegt að við eigum samræður um hvort ekki sé skynsamlegra að börnin verði hjá okkur í tvo vetur í stað einn. Því fylgja miklir kostir bæði fyrir okkur, börn og foreldra.

Barnahópurinn:

Veturinn 2015-2016 voru 27 börn í leikskólanum Sunnuhvoli.

7. Foreldrasamstarf.

Leikskólastjóri sér til þess að í skólanum starfi foreldrafélag sem hittist nokkrum sinnum á ári. Foreldrafélagið stuðlar að auknum tengslum milli foreldra og barna á Sunnuhvoli, með því m.a. að skipuleggja og standa fyrir sumarhátíð leikskólans. Foreldraráð er hins vegar skólanum til halds og trausts og gefur umsögn um allt innra starf skólans.

Nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal með leikskólastjóra og deildastjóra. Þegar barn byrjar á Sunnuhvoli fær það sent í tölvupósti öll gögn er varða aðlögun og góð ráð. **Handbók barnsins.** Bæklingurinn er töluvert myndskreyttur og er á heimsíðu skólans. Í þessari bók er reynt að tína allt til sem foreldrar þurfa að vita um hvernig við vinnum sameiginlega að hagsmunum barnsins.

Þeir eru hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem þar er að finna.

Foreldraviðtöl/Foreldrakynning

Foreldrakynning fyrir alla foreldra er haldin í október. Foreldrar eru boðaðir í viðtal tvisvar á árinu, þá gefst leikskólakennurum gott tækifæri til að ræða um barnið, þroska þess og framfarir og hvernig því líður í leikskólanum.

Fréttabréf í tölvupósti

Deildastjórar senda foreldrum fréttabréf í gegnum tölvupóst u.þ.b. einu sinni í mánuði og hengja síðan uppá töflu í fataklefa.

Heimasíða

Reynt að halda úti virkri heimasíðu með því að hver deild sér um að setja inn á sína síður. Markmiðið er að tvisvar í mánuði koma inn nýjar myndir og atburðadagatal á að vera reglulega uppfært.

Umsögn foreldrafélags.

Aðeins um fjárhag, í upphafi árs stóð foreldrafélagið nokkuð vel, með jákvæða bankainnistæðu upp á 82.000 kr. Í ár var ekki óskað eftir framlögum frá foreldrum heldur var einungis notast við það fé sem Garðabær leggur til foreldrafélaga. Eins og undanfarin ár keypti foreldrafélagið jólagjafir fyrir starfsfólk fyrir rúmlega 40.000 kr og einnig var keypt lítil gjöf fyrir börnin sem þau fengu afhent á jólasemmtun, kostnaður rúmlega 10.000. Á Sunnuhvoli hefur verið yogakennsla undanfarin ár. Þrátt fyrir að nú séu einungis ung börn á leikskólanum var ákveðið að halda áfram með yogakennslu og þótti það takast vel. Foreldrafélagið borgar fyrir yoga, 120.000 kr einu sinni í viku eftir áramót.

Það hefur verið venja að halda sumarhátíð og það var gert í vor, en með örlítið breyttu sniði. Yngri börn hafa öðruvísi þarfir og var kostnaður því minni en undanfarin ár, eða 39,000 kr. Allur kostnaður er nánar skilgreindur á sértilgreindu blaði

Um Leikskólann – Yngri börn en áður

Áhugavert hefur verið að fylgjast með hvernig leikskólakennurum á Sunnuhvoli hefur tekist með að halda sig við sambærilegt skipulag og áður þrátt fyrir að öll börn séu mun yngri.

Það er greinilegt að börnin eru að fá mikla örvun og fá að taka þátt í gífurlega mótandi starfi og þau styrkjast mikið bæði í leik og þroska.

Jólaball.

Undanfarin ár hefur komið jólasveinn á jólaskekkmtun barna og börnin hafa fengið dót að gjöf frá jólasveininum. Í ár þótti það of mikið fyrir ungu börnin og tóku kennararnir að sér að dreifa jólagjöfum en ekki jólasveinn. Eins og í mörgu öðru er haldið í skipulag og viðburði fyrri ára en á mjög faglegan hátt eru viðburðir sérsniðnir yngri börnum.

Það sama má segja um sumarhátíðina sem foreldrafélagið hefur staðið fyrir á vorin undanfarin ár. Tekin var umræða um að sleppa sumarhátíðinni þar sem börnin eru mjög ung og vilja helst vera í sinni venjulegu rútínu. Niðurstaðan var samt sem áður að prófa þetta með örlítið breyttu sniði og heppnaðist það virkilega vel. Ákvörðun var tekin um að bóka ekki íþróttaálfinn sem hefur komið undanfarin ár og sleppa hoppukastala. Það var mjög góð mæting hjá foreldrum og almenn ánægja með daginn. Hátíðin var haldin fimmtudaginn 2.júní klukkan 15-16. Hengd var upp auglýsing í fataklefa viku fyrir hátíðina. Boðið var upp á skinkuhorn og vatn fyrir börnin og kaffi og léttar samlokur og ávaxtabakka frá Sóma fyrir fullorðna. Á staðnum voru sápukúlur, krítar og blöðrur sem hittu vel í mark hjá börnunum. Í lok hátíðar fengu kennarar tíma til að afhenda börnum möppurnar sínar sem sýna brot úr starfi vetrarins.

Mælt er með því að halda áfram að halda sumarhátíð, markmiðið líklega fyrst og fremst að fá foreldra til að koma og eiga góðan dag með öðrum foreldrum og starfsfólki. Börnin nutu góðs af og nutu þess að hafa foreldra með og fá tilbreytingu í leikskólastarfið á útisvæðinu.

Almennt álit foreldra

Almenn ánægja ríkir meðal foreldra með ungbarnastarfið. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu, útiveru og hollan mat. Maturinn er til fyrirmyndar og mjög jákvætt að sjá hvað gengur vel að fá litla munna til að smakka grænmeti og almennan heimilismat. Svefntími barna virðist ganga vel, þrátt fyrir áhyggjur foreldra í upphafi þegar gekk ekki vel að svæfa mörg ung börn í einu herbergi. Þær áhyggjur voru óþarfar, á nokkrum dögum lærðu börnin að sofa og algjör undantekning að börn sofi ekki í herberginu með hinum. Leikskólinn viðist eiga mikið af leikföngum, tækjum og hlutum sem henta yngri börnum. Starfsfólk er til fyrirmyndar, hvort sem er í eldhúsinu, leikskólakennarar eða stjórnendur, allir taka vel á móti börnum og leggja sig fram við að eiga góð samskipti við börn og foreldra.

f.h. foreldrafélags/foreldraráðs

Ásta Pétursdóttir

Ása Björg Tryggvadóttir.

9. Starfsmannahald

Stefnumótunarvinnan hefur staðið yfir í hreyfingu fyrir starfsfólk. Við höfum nýtt hádegis og hefur vekefnið gengið vel. Í stuttu máli þá gefst starfsmanni kostur á að nota 30 mín til hreyfingar sem er skipulögð af íþróttakennara sem við höfum í starfsmannaliðinu, tvisvar í viku. Þetta verkefni sem er í stöðugri þróun og allir eru ánægðir. Starf á leikskóla tekur á bæði andlega og líkamlega og því þurfum við að byggja upp hraust starfsmannalið til að takast á við daginn. Við erum einstaklega vel mannaðar af fagfólki og góðum leiðbeinendum og fyrir það erum við þakklát.

Matráður skipar stórt hlutverk hjá okkur þar sem hún sér um að halda að okkur góðum og ræringarríkum mat.

Umhyggja, fagmennska og gleði
eiga ekki bara að vera orð á blaði heldur eiga börn, foreldrar og aðrir að merkja gildin.




Á myndina vantar Telmu, Söru og Harald.

Í skólanum 2015-2016 eru um 11 stöðugildi sem skiptust á eftirfarandi hátt:

Helga Kristjánsdóttir	leikskólastjóri 100%
Guðrún Brynjólfsdóttir	staðgengill leikskólastjóra og deildarstjóri 80%
Jóna Rósa Stefánsdóttir	deildastjóri 90%
Sigrún Inga Reynisdóttir	sérkennslustjóri og leikskólakennari 90%
Hafrún Lilja Elíasdóttir	sérkennsla 50% kennari á deild 50%
Hólmfríður Karlsdóttir	leikskólakennari 65%

Ragnheiður Sívertsen	Íþróttakennari 85%
Birna Rún Brynjólfsdóttir	leiðbeinandi 50%
Anna Kristín Björnsdóttir	leiðbeinandi 50%
Sara Siv Liljarsdóttir	leiðbeinandi 100%
Haraldur Axel Haraldsson	leikskólakennaranemi og leiðb. 20%
Telma Lind Jónsdóttir	leiðbeinandi 50%
Guðrún Snæbjörnsdóttir	matráður 80%



Námsferð til New York

Sunnuhvöll fór í námsferð til New York dagana 13.-17.maí 2016. Ellefu kennarar skoðuðu tvo leikskóla í stóra eplinu. Annar leikskólinn hét Imagine Brooklyn Hights og hinn hét Ivy League Early Learning Center Manhattan. Markmiðið var að skoða sambærilegan aldur nemenda og eru á Sunnuhvoli.

Báðir leikskólanir voru með nemendur frá 2 mánaða aldri og upp í 5 ára. Áherslur leikskólanna voru svipaðar og innihéldu þær t.d. hreyfingu, lestur, tónlist og myndsköpun.

Opnunartími leikskólanna voru frá kl.07:30 -18:00 alla daga vikunnar, 52 vikur á ári. Það kom okkur á óvart, hve langan vistunartíma mörg barnanna voru með en sum voru með frá upphafi dags til lok dags.

Útileiksvæði barnanna var mismunandi milli leikskólanna. Ivy League var á nokkrum hæðum í stórra blokk. Þar var ekkert leiksvæði utandyra en tvö stór leiksvæði innandyra, skipt eftir aldri barnanna, með klifurgrindum og sparksbílum. Imagine var með litlu útisvæði sem var girt af með háum múrsteinsveggjum. Þar var að finna lítinn sandkassa og lítil leikföng.

Í Ivy League var borinn fram heitur matur en í Imagine komu börnin með nesti með sér í leikskólann.

Það var mikil skráning í leikskólunum, allir kennara voru með aðgang að spjaldtölvum og skráðu þar svefn, mat, dagsform og ljósmyndir af börnunum yfir daginn. Foreldrar gátu svo nálgast þessar upplýsingar hvenær sem var yfir daginn.

Lokaorð

Það að hafa fengið tækifæri til að kynnast ungbarnastiginu lít ég á sem mikið tækifæri. Ég hef einsett mér að auka áherslu á skipulagða hreyfingu meðal barna og starfsfólks í daglegu starfi. Við lifum á tímum þar sem hreyfing er á undanhaldi. Of mikillar seta við alls slags tölvutengd tæki og töl er sá raunveruleiki sem flestir þekkja og því tel ég gott að bregðast við með þessum hætti. Ég hef lagt stund á Heilbrigði og heilsuuppeldi við HÍ og þar lærði ég hversu nauðsynleg hreyfing og góð næring skiptir miklu máli. Námið hefur hvatt mig áfram um mikilvægi heilbrigðs lífs og hreyfingar fyrir alla í daglegu starfi og mér er umhugað um að við sem störfum á þessum skóla ástundum reglulega hreyfingu sem við setjum inn á vinnutíma, helst þrisvar í viku. Rannsóknir sýna að fólki líður miklu betur þegar jafnvægi er á milli vinnu og hreyfingar.

Helga Kristjánsdóttir
Leikskólastjóri Sunnuhvals